

Til foreldra og forráðamanna nemenda í Snælandsskóla

Að læra að læra: Námsstílslíkan Dunn og Dunn.

Námsstíll er margþætt fyrirbæri sem styður við alhliða nám og þroska einstaklingsins. Námsstíll hvers og eins ætti að viðurkenna og virða. Námsstíll erfist að einhverjum hluta, felur í sér styrkleika og veikleika og þróast og breytist með árunum. Rannsóknir á heilastarfseminni og námsstíll hafa fært okkur nýja sýn á það hvernig við lærum og jafnframt ýmsar nýjar námsaðferðir. Öll getum við lært en mismunandi aðferðir og aðstæður henta okkur. Foreldrar bera oft börnin sín saman og undrast hversu ólík þau eru og oft ólík foreldrunum. Í raun er hver einstaklingur einstakur, hann getur lært og hefur sinn eigin námsstíll. Gott að hafa það í huga þegar kemur að því að hjálpa barninu við námið.

Námsstílslíkan Dunn og Dunn byggir meðal annars á eftirfarandi fræðilegum forsendum:

- Flestir einstaklingar geti lært en styrkleiki hvers og eins hefur áhrif á það hvernig hann aflar sér upplýsinga og nálgast námsefnið.
- Flestir nemendur geta notað sér námsstíll sinn þegar þeir takast á við nýtt og erfitt námsefni.


Þeir þættir sem taldir eru hafa áhrif þegar við ætlum að læra eitthvað nýtt og erfitt, skilja og festa í minni samkvæmt námsstílslíkan Dunn og Dunn eru: Umhverfisþættir, tilfinningalegir þættir, félagslegir þættir, lífeðlisfræðilegir þættir og sálfræðilegir þættir.

Samkvæmt rannsóknum Armin Thies taugasálfræðings við Yale háskólann í U.S.A. á námsstílslíkan Dunn og Dunn má skipta því í þrennt:

- **Athygli/einbeiting/vera vel vakandi (arousal)**
- **Framkvæma/koma sér af stað (executive)**
- **Tileinkun (adapt)**


1. Athygli/einbeiting/vera vel vakandi:

Þegar á að læra eitthvað nýtt/eða erfitt er mikilvægt að vera eins vel vakandi andlega og líkamlega og hægt er og að athyglin sé vel stillt. Þættirnir sem vísa til þess eru umhverfis- og lífeðlisfræðilegir þættir: Hljóð, lýsing, hitastig, húsbúnaður, næring, hreyfanleiki og tími dagsins.




2. Framkvæma, koma sér í gang:

Til þess að koma sér í gang og framkvæma eru tilfinningaþættirnir, þ.e. áhugahvöt, ábyrgð, þrautseigja, skipulag ásamt fjölbreytileika mikilvægir.



3. Tileinkun/úrvinnsla

Þeir þættir sem skipta máli við að tileinka sér almennilega og muna það sem maður ætlar að læra eru félagslegu þættirnir (einn, tveir, jafningjar, samvinna, undir leiðsögn og fjölbreytni), lífeðlisfræðilegu þættirnir – skynjun (sjón, heyrn, snerting, hreyfing), sálfræðilegu þættirnir (heildrænn/greinandi) og hugsanastíll (hvatvís, íhugandi, hugsa í mundum og hugsa í orðum).



Námsstílslíkan Dunn og Dunn getur hjálpað okkur að skilja börnin okkar og finna út hvað hentar þeim best. Gott er fyrir foreldra að hafa eftirfarandi spurningar í huga þegar þeir fylgjast með barni sínu til þess að finna út námsstíl þess:

- Hvað finnst barninu mínu gaman að gera?
- Hverjar eru sterkar hliðar barnsins míns?
- Í hvernig umhverfi líður barninu mínu best?
- Hvenær er barnið mitt virkilega niðursokkið?

Sumir þættirnir í námsstílslíkaninu útskýra sig vel sjálfir. Aðrir þarfnast ef til vill nánari útskýringa. Þeir þættir sem fólk spyr oftast um eru skynjunaþættirnir og sálfræðiþættirnir. Margir telja skynjunaþættina vera mikilvægasta og tala um þá sem gluggann að heilanum. Sumir nemendur læra best með því að lesa eða sjá myndir (sterkir sjónrænt), aðrir þegar þeir hlusta og er sagt frá (sterkir heyrnrænt), þriðji hópurinn lærir best með því að fá hluti í hendurnar og snerta (sterkt snertiskyn) og fjórði hópurinn lærir best með því að nota líkamann og hreyfa sig (sterkt hreyfiskyn). Auðvitað er þetta ekki svona einfalt að við lærum best eingöngu á einhvern einn hátt. En rannsóknir sýna að ef nemandinn fær að læra eins og honum finnst best og síðan að rifja upp á næst besta mátann man hann betur það sem hann lærir. Fjölskynda aðferðir eru því mikilvægar bæði í skóla og heima þar sem því verður við komið.

Hugsun okkar flokkast undir sálfræðiþáttinn og er talað um hugsunarstíl. Sumir eru heildrænir í hugsun (börn eru það yfirleitt). Þeir vilja fá heildarmyndina fyrst áður en þeir byrja á verkefninu. Aðrir eru greinandi í hugsun og vilja fá eitt í einu og vinna lið fyrir lið (kennarar eru oft þannig og margir foreldrar). Margir eru sveigjanlegir eftir því hvað þeir eru að vinna með. Sumir eru hvatvísir, hugsa og framkvæma hratt og hugsa gjarnan í myndum. Aðrir eru íhugandi og þurfa tíma til að svara og leysa verkefni.

Til þess að fá nánari útskýringar viljum við benda á íslensku vefsíðuna um námsstíl http://starfsfolk.khi.is/ingvar/namsstilar_dunn/ eða hafa samband við skólann. Við erum að vinna meira efni smátt og smátt einkum hvað leiðir henta hverjum þætti best. Við munum kynna það síðar.

Heimildir eru sóttar í:

Aabrandt, Susenne. (2005). Forældreguide om læringsstile. Frederikshavn: Dafolo.

Dunn, Rita og Dunn, Kenneth. (1992). *Teaching Elementary Students through Their Individual Learning Styles. Practical Approaches fore Grades 3-6*. Boston: Allyn and Bacon.

<http://www.svenderikschmidt.dk/>